



LÁNSSAMNINGUR

nr. 2505_XX

milli

Lánasjóðs sveitarfélaga
sem lánveitanda

og

Sorpu bs.
sem lántaka

og

Reykjavíkurborgar, Kópavogsbæjar, Hafnarfjarðarkaupstaðar,
Garðabæjar, Mosfellsbæjar og Seltjarnarnesbæjar
sem ábyrgðaraðila

EFNISYFIRLIT

1. SAMNINGSADILAR	3
2. HÖFUÐSTÓLSFJÁRHÆÐ, ÚTGREIÐSLUFFJÁRHÆÐ OG ÚTBORGUN	3
3. LÁNSTÍMI, ENDURGREIÐSLA OG UPPGREIÐSLA	4
4. VEXTIR OG DRÁTTARVEXTIR	4
5. TRYGGINGAR – EINFÖLD ÁBYRGÐ OG VEÐYFIRLÝSING	5
6. KOSTNAÐUR LÁNTAKA	5
7. SKILYRÐI FYRIR ÚTBORGUN	5
8. SÉRSTAKAR SKULDBINDINGAR	6
9. UPPSÖGN SAMNINGSINS - GJALDFELLINGARHEIMILDIR	7
10. TILKYNNINGAR.....	8
11. UPPLÝSINGAGJÖF OG UNÐANPÁGU FRÁ PAGNARSKYLDU	8
12. FORCE MAJEURE.....	9
13. FYRIRVARI UM NÝTINGU RÉTTAR SKV. SAMNINGNUM	9
14. SÉRSTAKAR YFIRLÝSINGAR LÁNTAKA OG ÁBYRGÐARAÐILA.....	9
15. LÖG OG VARNARÞING	10
16. ÖNNUR ÁKVÆÐI	10
Viðauki I	12
Viðauki II	13

1. SAMNINGSADILAR

- Lántaki:** Sorpu bs., kt. 510588-1189, Köllunarklettsvegi 1, Reykjavík.
- Lánveitandi:** Lánasjóður sveitarfélaga ohf., kt. 580407-1100, Borgartúni 30, Reykjavík.
- Ábyrgðaraðilar:** Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Ráðhúsinu, Reykjavík.
Kópavogsbær, kt. 700169-3759, Digranesvegi 1, Kópavogi.
Hafnarfjarðarkaupstaður, kt. 590169-7579, Strandgötu 6, Hafnarf..
Garðabær, kt. 570169-6109, Garðatorgi 7, Garðabæ.
Mosfellsbær, kt. 470269-5969, Þverholti 2, Mosfellsbæ.
Seltjarnarnesbær, kt. 560269-2429, Austurströnd 2, Seltjarnarnesi.

Um lánasamning þennan:

- A. Samkvæmt lögum um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006 er lánveitandi opinbert hlutafélag í eigu sveitarfélaga á Íslandi og hefur þann tilgang að tryggja sveitarfélögum ásamt fyrirtækjum og stofnunum í eigu sveitarfélaga og ríkissjóðs lánsfé á hagstæðum kjörum og takmarkast útlán hans við verkefni sem hafa almenna efnahagslega þýðingu.
- B. Lánveitandi hefur gefið út skuldabréf í skuldabréfafloknum LSS151155 („skuldabréfin“).
- C. Með lánasamningi þessum hyggst lánveitandi endurlána lántaka fjármuni sem hann aflaði með útgáfu skuldabréfanna.
- D. Ávöxtunarkrafa skuldabréfanna í skuldabréfaútboðum kann að vera hærri en nafnvextir lánasamningsins. Sé það raunin skal lántaki, greiða lánveitanda þann vaxtakostnað (afföll) sem af því hlýst. Vaxtakostnaður (afföll) bætist þá við höfuðstól lánasamningsins og er endurgreiddur jafnt og þétt yfir lánstímann. Meðal annars sökum þessa kann höfuðstólsfjárhæð lánasamningsins að vera hærri en útgreiðslufjárhæð.
- E. Lántaki og ábyrgðaraðili eru samþykkir framangreindu og lýsa því yfir og ábyrgjast gagnvart lánveitanda að lántaki og ábyrgðaraðili búa yfir fullnægjandi upplýsingum um eðli og áhættu sem felst í lánasamningi þessum og séu í aðstöðu til að afla sér slíkra upplýsinga, eftir atvikum með aðstoð sérfræðinga.

2. HÖFUÐSTÓLSFJÁRHÆÐ, ÚTGREIÐSLUFFJÁRHÆÐ OG ÚTBORGUN

- 2.1. Lánveitandi lofar að greiða lántaka kr. 1.345.000.000,- („útgreiðslufjárhæðin“) og lántaki lofar að greiða lánveitanda kr. XX,- („höfuðstólsfjárhæðin“), auk vaxta og kostnaðar, eins og nánar er kveðið á um í lánasamningi þessum.
- 2.2. Lán þetta (höfuðstólsfjárhæðin) skal bundið vísitölu neysluverðs til verðtryggingar, sem gefin er út af Hagstofu Íslands, með grunnvísitölu í XX 2025 sem er XX stig. Höfuðstóll lánsins breytist í samræmi við breytingar á vísitölunni frá grunnvísitölu til hvers gjalddaga. Höfuðstóll lánsins er reiknaður út áður en vextir og afborgun eru reiknuð út.

- 2.3. Útgreiðslufjárhæðin kemur til útborgunar þann XX. XX 2025. Útgreiðslufjárhæðina skal greiða í samræmi við beiðni um útborgun láns, sbr. viðauka II. Útgreiðslufjárhæðin telst greidd þegar lánveitandi hefur gefið viðskiptabanka sínum fyrirmæli um millifærslu inn á fyrrgreindan bankareikning.
- 2.4. Tilgangur láns þessa er að fjármögnun á verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, nánar tiltekið framkvæmdir og uppbygging á nýrri endurvinnslustöð á Lambhagavegi sem fellur undir skilgreiningu 7.1. skv. reglugerð ESB nr. 2139/2021 en uppfyllir ekki öll skilyrði með jákvæðum hætti. Lántaki og ábyrgðaraðili ábyrgjast gagnvart lánveitanda að svo sé og skuldbindur lántaki sig til að ráðstafa útgreiðslufjárhæðinni til framangreinds verkefnis.

3. LÁNSTÍMI, ENDURGREIÐSLA OG UPPGREIÐSLA

- 3.1. Lánið (höfuðstólsfjárhæðin) er verðtryggt og með jöfnum afborgunum. Lántaki skuldbindur sig til að endurgreiða höfuðstólsfjárhæðina með 61 afborgunum á sex mánaða fresti, í fyrsta skipti þann 5. nóvember 2025 og hið síðasta þann 5. nóvember 2055. Beri gjalddaga upp á dag sem ekki er bankadagur skal gjalddagi vera næsti bankadagur þar á eftir. Greiðslustaður lánsins skal vera hjá lánveitanda.
- 3.2. Uppgreiðsla lánsins, í heild eða hluta, er einungis heimil á tveimur gjalddögum, þann 5. nóvember 2035 og þann 5. nóvember 2045, að því tilskyldu og einungis að því leiti sem lántaki hefur tilkynnt lánveitanda um fyrirhugaða uppgreiðslu og fjárhæð hennar með 60 daga fyrirvara að því er varðar viðkomandi gjalddaga. Uppgreiðsluálag 5. nóvember 2035 er 2,0% af fjárhæð uppgreiðslu og uppgreiðsluálag 5. nóvember 2045 er 1,0% af fjárhæð uppgreiðslu. Að öðru leyti eru uppgreiðslur lánsins, í heild eða hluta, óheimilar.
- 3.3. Komi til gjaldfellingar samnings þessa á grundvelli 9. gr. reiknast uppgreiðslugjald sem lántaka ber að greiða, eða fær greitt, á gjalddaga eða gjaldfellingardegi. Uppgreiðslugjaldið skal samsvara þeim mismun sem er á vaxtastigi lánsins á uppgreiðsludegi og markaðsvöxtum sambærilegra nýrra lána hjá lánveitanda á uppgreiðsludegi miðað við uppreiknaðar eftirstöðvar lánsins, núvirt frá uppgreiðsludegi til lokagjalddaga. Ef mismunur núvirtrar eftirstöðvar lánsins og núvirtra sambærilegra nýrra lána er jákvæður ber lántaka að greiða þá fjárhæð til lánveitanda en ef sá mismunur er neikvæður greiðir lánveitandi þá fjárhæð til lántaka með skuldajöfnun á móti hinni gjaldföllnu kröfu.

4. VEXTIR OG DRÁTTARVEXTIR

- 4.1. Vextir eru verðtryggðir og reiknast af höfuðstólsfjárhæðinni frá útborgunardegi útgreiðslufjárhæðarinnar, XX. XX 2025. Vextirnir eru 2,50% árlegir og fastir allan lánstímann. Vaxtadagareglan er 30/360. Virkir vextir þessa samnings, í samræmi við lið 1.D, eru XX%.
- 4.2. Vextir skv. gr. 4.1. skulu greiddast á 6 mánaða fresti í fyrsta sinn þann 5. nóvember 2025 og þar til höfuðstóll lánsins er að fullu greiddur. Beri gjalddaga upp á dag sem ekki er bankadagur skal gjalddagi vera næsti bankadagur þar á eftir.

- 4.3. Standi lántaki ekki skil á greiðslu á gjalddaga ber honum að greiða dráttarvexti af gjaldfallinni fjárhæð frá gjalddaga til greiðsludags. Ber þá að greiða dráttarvexti samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálag, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Ef af einhverjum ástæðum vanskil hafa varað lengur en 12 mánuði skulu dráttarvextir leggjast við höfuðstól lánsins á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 12 mánuðum eftir fyrsta dag vanskila í samræmi við ákvæði gildandi laga um vexti og verðtryggingu á hverjum tíma.

5. TRYGGINGAR – EINFÖLD ÁBYRGÐ OG VEÐYFIRLÝSING

Til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu láns þessa, ásamt vöxtum, verðbótum og kostnaði, veita ábyrgðaraðilar einfalda ábyrgð sína, í samræmi við eignarhlut sinn í lántaka, með áritun á samning þennan sbr. 2. mgr. 69. greinar sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og veðsetja enn fremur til tryggingar ábyrgðinni tekjur sínar samkvæmt heimild í 2. mgr. 68. gr. sömu laga, nánar tiltekið framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og útsvarstekjur, sbr. einnig reglugerð um tryggingar Lánasjóðs sveitarfélaga í tekjum sveitarfélags nr. 835/2012. Greiðsluskylda ábyrgðaraðila verður virk þegar lántaki hefur vanefnt greiðslu og lánveitandi sannar að engar efndir verði fengnar úr hendi lántaka vegna ógjaldfærni hans. Lánveitandi skal þá tilkynna um vanskilin til ábyrgðaraðila og veita þeim 14 daga frest til að koma láninu í skil en komi til vanskila ábyrgðaraðila er lánveitanda heimilt að ganga að framangreindum tryggingum án undangengins dóms, sáttar eða aðfarar en að uppfylltum þeim kröfum sem koma fram í reglugerð um tryggingar Lánasjóðs sveitarfélaga í tekjum sveitarfélags nr. 835/2012.

6. KOSTNAÐUR LÁNTAKA

- 6.1. Lántaki greiðir kostnað vegna innheimtu lánsins, svo sem tilkynningar- og greiðslugjald, millifærslukostnað og þess háttar kostnað sem kann að stofnast til vegna lánveitingarinnar.
- 6.2. Lántaki greiðir öll opinber gjöld og skatta sem lögð kunna að vera á samninginn, lánveitanda að skaðlausu.
- 6.3. Komi til vanefnda af hálfu lántaka á skyldum hans samkvæmt samningnum, skuldbindur lántaki sig til þess að greiða lánveitanda auk vaxta og dráttarvaxta allan kostnað sem lánveitandi leggur út fyrir vegna vanefndanna, lögmannspóknun eða annars er lánveitanda ber að greiða, svo og annan kostnað vegna innheimtu lánsins.

7. SKILYRÐI FYRIR ÚTBORGUN

Það er skilyrði fyrir útborgun lánsins samkvæmt samningi þessum að lántaki hafi afhent lánveitanda eftirtalin skjöl á því formi sem er fullnægjandi að mati lánveitanda:

- a) Staðfest afrit fundargerðar stjórnar lántaka þar sem lántaka og umboð til undirritunar lánssamningsins er samþykkt, sem er ásættanleg að mati lánveitanda,.
- b) Staðfest afrit félagssamþykktar.

- c) Staðfest afrit fundargerðasveitarstjórna ábyrgðaraðila þar sem samþykkt er að veita einfalda ábyrgð vegna lánsamningsins og veðsetning ábyrgðaraðila á tekjum þeirra vegna ábyrgðar sinnar á skuldbindingum lántaka ásamt veitingu umboðs til undirritunar lánsamningsins, sbr. viðauka I við samning þennan, sem er ásættanleg að mati lánveitanda.
- d) Samþykktir ábyrgðaraðila, sbr. 9. gr. sveitastjórnarlaga nr. 138/2011.
- e) Mat á skuldbindingu samkvæmt 66. gr. sveitastjórnarlaga nr. 138/2011, ef við á.
- f) Beiðni um útborgun láns, sbr. viðauki II við samning þennan, sem er ásættanleg að mati lánveitanda.
- g) Útfyllt mat á umhverfislegri sjálfbærni verkefnis.
- h) Önnur gögn og staðfestingar sem lánveitandi telur nauðsynlegt að liggi fyrir til að útborgun lánsins megi fara fram, þ.m.t. gögn sem sýna fram á að lántaki sé alfarið í eigu sveitarfélaga eða sveitarfélaga og ríkissjóðs sem beri ábyrgð á skuldbindingum lántaka gagnvart lánveitanda.

8. SÉRSTAKAR SKULDBINDINGAR

- 8.1. Fram til þess tíma að lánið er að fullu endurgreitt skuldbindur lántaki sig til að:
- a) Hafa ávallt fullnægjandi tryggingar að mati lánveitanda vegna rekstrar og eigna.
 - b) Afhenda lánveitanda, samkvæmt beiðni hans, ársreikning, sem endurskoðaður hefur verið af endurskoðanda.
 - c) Afhenda lánveitanda, samkvæmt beiðni hans, allar frekari upplýsingar um fjárhagsstöðu lántaka, auk upplýsinga um fjárhagsstöðu móður- og dótturfyrirtækja lántaka, sem hann hefur aðgang að.
 - d) Upplýsa lánveitanda þegar í stað ef upp koma þær aðstæður sem rætt er um í 9. gr. samnings þessa (Uppsögn samningsins - gjaldfellingarheimildir).
 - e) Selja ekki allar eignir sínar eða verulegan hluta þeirra án samþykkis lánveitanda. Í þessu sambandi telst sala á verulegum hluta eigna vera ef söluverð eða bókfært verð hinna seldu eigna nemur hærra hlutfalli en 25% af heildareignum lántaka skv. endurskoðuðum ársreikningi.
 - f) Upplýsa lánveitanda um ef hann greiðir upp önnur lán eða greiðir inn á önnur lán umfram samningsskyldu sem nemur hærri fjárhæð en því sem nemur 20% af tekjum lántaka fyrir síðastliðið almanaksár.
 - g) Sameinast ekki öðru félagi/félögum eða skipta félaginu upp í tvö eða fleiri sjálfstæð félög, nema með samþykki lánveitanda.
 - h) Veðsetja ekki eignir sínar fyrir lánum sem hann tekur né öðrum fjárhagslegum skuldbindingum hverju nafni sem nefnast, nema samskonar trygging sé jafnframt sett

fyrir skuldbindingum lántaka samkvæmt lánssamningi þessum.

- i) Breyta ekki starfsemi sinni þannig að þörf verði á breytingum á tilgangi lántaka í samþykktum, nema með samþykki lánveitanda.
 - j) Breyta ekki samþykktum sínum þannig að sala á eignarhlutum til einkaaðila verði gerð möguleg.
 - k) Ráðstafa láni skv. lánssamningi þessum eingöngu í samræmi við tilgang lánsins, sbr. gr. 2.3, og afhenda lánveitanda, samkvæmt beiðni hans, upplýsingar um og/eða sundurliðun á ráðstöfun lánsins.
- 8.2. Fram til þess tíma að lánið er að fullu endurgreitt skuldbinda ábyrgðaraðilar sig til þess að (i) framselja ekki eignarhlut sinn í lántaka án samþykkis lánveitanda og (ii) gera engar ráðstafanir sem verði til þess að lántaki færist að einhverju leyti í eigu einkaaðila.

9. UPPSÖGN SAMNINGSINS - GJALDFELLINGARHEIMILDIR

- 9.1. Við einhver eftirtalin skilyrði er lánveitanda heimilt að segja öllu láninu upp einhliða, fyrirvaralaust og án aðvörunar:
- a) Ef vanskil á greiðslu afborgana eða vaxta hafa varað 60 daga eða lengur.
 - b) Ef einhverjar upplýsingar lántaka sem snerta efni lánssamningsins eða atriði honum tengd reynast hafa verið rangar eða villandi þegar þær voru gefnar lánveitanda, þannig að hann hefði ekki, að mati lánveitanda, samþykkt lánveitinguna með þeim kjörum sem samningurinn felur í sér ef réttar upplýsingar hefðu legið fyrir.
 - c) Ef lántaki ákveður að breyta rekstrarformi sínu, lántaki hættir starfsemi eða takmarkar hana verulega eða ef lántaki selur eignir sínar eða verulegan hluta þeirra þannig að geta hans til að uppfylla skyldur sínar samkvæmt ákvæðum lánssamningsins minnkar verulega að mati lánveitanda.
 - d) Ef fjárhagsstaða lántaka breytist verulega, þannig að geta hans til að uppfylla skyldur sínar samkvæmt ákvæðum lánssamningsins minnkar verulega að mati lánveitanda.
 - e) Ef tryggingar/ábyrgðir að baki láninu eru ekki lengur fullnægjandi að mati lánveitanda og úr því er ekki bætt innan 30 daga frá tilkynningu lánveitanda þar að lútandi.
 - f) Ef lántaki innir ekki af hendi greiðslu á gjalddaga samkvæmt einhverjum samningi sem leggur á hann greiðsluskyldu og hafi samningurinn verið gjaldfelldur eða honum sagt upp vegna þess, eða ef hann vanefnir annað ákvæði slíks samnings og hafi samningnum verið rift eða hann gjaldfelldur vegna þess. Sama gildir ef lánveitanda er heimilt að gjaldfella lán til lántaka þar sem fjárhæð viðkomandi láns er að fjárhæð sem nemur a.m.k. 10% tekna lántaka á síðastliðnu almanaksári.

- g) Ef fjárnám verður gert hjá lántaka, beðist er nauðungaruppbóðs á eignum hans, komi fram ósk um gjaldþrotaskipti á búi hans eða leiti hann nauðasamninga, heimildar til greiðslustöðvunar eða eftirgjöf skulda.
 - h) Ef krafa kemur fram til slita á lántaka.
 - i) Ef lántaki verður sannanlega uppvís að því að brjóta gegn lögum og reglum í starfsemi sinni.
 - j) Ef lántaki eða ábyrgðaraðili brýtur gegn einhverri skuldbindingu sinni skv. 8. gr. (Sérstakar skuldbindingar).
 - k) Ef lántaki vanrækir að uppfylla einhverja af öðrum skyldum sínum samkvæmt lánssamningnum og sú vanræksla varir í meira en 30 daga eftir að lánveitandi hefur áminnt lántaka um að framfylgja skyldunni.
 - l) Ef sérstakar yfirlýsingar lántaka og ábyrgðaraðila skv. 14. gr. samningsins reynast rangar.
 - m) Ef ársreikningar eða árshlutareikningar lántaka eru með áritun um fyrirvara um rekstrarhæfi af löggiltum endurskoðanda.
- 9.2. Ef láninu er sagt upp af hálfu lánveitanda getur lánveitandi gjaldfellt allar eftirstöðvar lánsins ásamt áföllnum vöxtum og öðrum greiðslum sem lántaka er skylt að greiða samkvæmt samningi þessum, þ.á.m. uppgreiðslugjaldi á grundvelli gr. 3.3. Ber lántaka að greiða dráttarvexti af gjaldfallinni eða gjaldfelldri fjárhæð frá gjalddaga eða gjaldfellingardegi til greiðsludags sbr. gr. 6.3. og gr. 4.3.

10. TILKYNNINGAR

- 10.1. Allar beiðnir um breytingar á skilmálum lánssamningsins, svo og breytingarnar sjálfar ef til koma, skulu vera skriflegar.
- 10.2. Allar tilkynningar og beiðnir í tengslum við lánssamninginn skulu vera skriflegar. Þær skulu sendar með sannanlegum hætti til þess að þær geti talist gildar gagnvart mótaðila. Tilkynna skal þegar í stað um allar breytingar á heimilis- og pósthfangi.
- 10.3. Lánveitanda er heimilt að senda tilkynningar til lántaka á tölvupósthfangið sorpa@sorpa.is og ábyrgðaraðila á tölvupósthfangið gjaldkerar@reykjavik.is, bokhald@kopavogur.is, fjarreidudeild@hafnarfjordur.is, bokhald@gardabaer.is, bokhald@mos.is og postur@seltjarnarnes.is sem teljast einungis gildar ef móttakandi staðfestir móttöku. Lántaka er heimilt að senda tilkynningar til lánveitanda á tölvupósthfangið lanasjodur@lanasjodur.is sem telst einungis gildar ef móttakandi staðfestir móttöku.

11. UPPLÝSINGAGJÖF OG UNÐANÞÁGU FRÁ ÞAGNARSKYLDU

Með undirritun sinni á lánssamning þennan samþykkja lántaki og ábyrgðaraðili með vísan til 60. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, að lánveitanda sé heimilt að miðla upplýsingum um lán þetta opinberlega og til fjárfesta, þ.m.t. upplýsingar um nafn lántaka, nafn

ábyrgðaraðila, tilgang láns, stöðu láns, lánstíma og önnur kjör. Upplýsingunum er miðlað í þeim tilgangi að fjárfestar hafi sem besta mynd af útlánasafni og starfsemi lánveitanda og mun miðlunin einkum eiga sér stað í gögnum frá lánveitanda s.s. í ársreikningum, árshlutareikningum, fjárfestakynningum og afmælisritum.

12. FORCE MAJEURE

Verði veruleg breyting á viðskiptakjörum lánveitanda vegna atvika sem honum verður ekki kennt um, svo sem vegna breytinga á lánamörkuðum, ákvarðana stjórnvalda, styrjalda, kjarnorkuslysa, hryðjuverka eða atriða sem talin verða falla undir force majeure tilvik þannig að lánveitanda verði ómögulegt að afla lánsfjár til fjármögnunar á lánssamningi þessum á sambærilegum kjörum og gengið var út frá við gerð hans, getur lánveitandi að undangenginni tilkynningu til lántaka gjaldfellt eftirstöðvar lánsins með 60 daga fyrirvara. Lánveitandi ber ekki ábyrgð á tjóni sem lántaki eða ábyrgðaraðili kunna að verða fyrir í tengslum við slíka gjaldfellingu né nokkra aðra gjaldfellingu samkvæmt lánssamningi þessum.

13. FYRIRVARI UM NÝTINGU RÉTTAR SKV. SAMNINGNUM

Þó lánveitandi kjósi að hagnýta sér ekki strax, að fullu eða að hluta, þann rétt sem hann hefur samkvæmt lánssamningnum, takmarkar það ekki heimild hans eða möguleika til að hagnýta sér þann rétt síðar.

14. SÉRSTAKAR YFIRLÝSINGAR LÁNTAKA OG ÁBYRGÐARAÐILA

Lántaki og ábyrgðaraðili lýsa því yfir við undirritun samnings þessa og á hverjum vaxtagjaldddaga lánsins að:

- a) Lántaki og ábyrgðaraðili hafa staðið lögformlega rétt að öllum þeim ákvörðunum sem nauðsynlegt var að taka af þeirra hálfu til að skuldbinda sig samkvæmt lánssamningnum og uppfylla ákvæði hans og að lánssamningurinn sé því skuldbindandi fyrir þá að öllu leyti.
- b) Lánssamningurinn brýtur ekki í bága við nokkurn samning, sem lántaki eða ábyrgðaraðili eru aðilar að, eða nokkur lög eða reglur sem eiga við um lántaka eða ábyrgðaraðila.
- c) Lántaki og ábyrgðaraðili hafa ekki vitneskju um neinn réttarágreining, sem veikt gæti fjárhagsstöðu þeirra verulega eða hæfi þeirra til að uppfylla skyldur sínar samkvæmt ákvæðum lánssamningsins.
- d) Ekkert af þeim tilvikum sem nefnd eru í 9. gr. (Uppsögn samningsins - gjaldfellingarheimildir) séu til staðar.
- e) Lántaki hefur látið lánveitanda í té allar þær upplýsingar, sem nauðsynlegar eru til þess að meta fjárhagslega stöðu hans.
- f) Engar þær upplýsingar sem fram koma í lánssamningnum eða eru í tengslum við efni hans og lántaki hefur gefið, eru rangar eða ófullnægjandi.

- a) Lántaki sinnir verkefnum sem teljast til lögákveðinna verkefna sveitarfélaga og lánið verður nýtt til verkefna sem hafa almenna efnahagslega þýðingu.
- g) Ábyrgðaraðili á lántaka að öllu leyti og skuldbindur sig til þess að eiga lántaka að öllu leyti fram til þess tíma að lánið er að fullu greitt.

15. LÖG OG VARNARÞING

Um lánssamning þennan gilda íslensk lög. Rísi mál vegna lánssamnings þessa skal reka það fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Lánssamningur þessi er alls 13 síður að viðaukum meðtöldum. Er hann gerður í tveimur samhljóða eintökum og fær lántaki og lánveitandi hvort sitt eintak.

16. ÖNNUR ÁKVÆÐI

Lánveitanda er heimilt að selja þriðja aðila aðild að lánssamningi þessum í heild eða hluta, eða framselja lánið til þriðja aðila án samráðs við eða með skriflegu samþykki lántaka. Lántaka er ekki heimilt að framselja nokkur réttindi sín eða skuldbindingar samkvæmt lánssamningi þessum, nema með fyrirfram skriflegu samþykki lánveitanda.

Öllu framangreindu til staðfestu undirrita aðilar nöfn sín undir í votta viðurvist. Sá sem undirritar f.h. ábyrgðaraðila staðfestir sérstaklega einfalda ábyrgð og veðyfirlýsingu samkvæmt 5. gr. lánsþessings þessa með undirritun sinni f.h. ábyrgðaraðila.

Staður og dagsetning

Staður og dagsetning

f.h. lánveitanda,

f.h. lántaka,

f.h. ábyrgðaraðila,

Reykjavíkurborg

f.h. ábyrgðaraðila,

Kópavogsbær

f.h. ábyrgðaraðila,

Hafnarfjarðarkaupstaður

f.h. ábyrgðaraðila,

Garðabær

f.h. ábyrgðaraðila,

Mosfellsbær

f.h. ábyrgðaraðila,

Seltjarnarnesbær

Vottar að rétttri undirskrift og dagsetningu:

Nafn: _____

Kt: _____

Nafn: _____

Kt: _____

Vottar að rétttri undirskrift og dagsetningu:

Nafn: _____

Kt: _____

Nafn: _____

Kt: _____

Viðauki I



Efni: Tillaga að bókun í fundargerð.

Ákvörðun um veita einfalda ábyrgð, veðsetningu í tekjum til tryggingar ábyrgð og veiting umboðs til að undirrita lánasamning og taka að sér þær skuldbindingar sem greinir í lánsamningi vegna láns Sorpu bs. frá Lánasjóði sveitarfélaga:

Borgar/bæjarstjórn XX samþykkir hér með á borgar/bæjarstjórnarfundum að veita einfalda ábyrgð og veðsetja til tryggingar ábyrgðinni tekjur sínar í samræmi við hlutfall eignarhalds, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. og 2. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, til tryggingar láns Sorpu bs. hjá Lánasjóði sveitarfélaga að höfuðstólsfjárhæð allt að kr. XX,- með útgreiðslufjárhæð allt að kr. 1.345.000.000,- með lokagjalddaga þann 5. nóvember 2055, í samræmi við skilmála að lánasamningi sem liggja fyrir á fundinum og sem borgar/bæjarstjórnin hefur kynnt sér. Ábyrgðin tekur til allra greiðslna sem og hves kyns kostnaðar sem hlýst af vanskilum. Nær samþykki borgar/bæjarstjórnar jafnframt til undirritunar lánasamnings og að sveitarfélagið beri þær skyldur sem þar greinir.

Er lánið tekið til framkvæmda og uppbyggingar á nýrri endurvinnslustöð á Lambhagavegi sem felur í sér að vera verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Borgar/bæjarstjórnin skuldbindur hér með sveitarfélagið sem eiganda félagsins til að breyta ekki ákvæði samþykkt félagsins sem leggur hömlur á eignarhald að félaginu að því leyti að félagið megi ekki fara að neinu leyti til einkaaðila.

Fari svo að sveitarfélagið selji eignarhlut sinn í félaginu til annarra opinberra aðila, skuldbindur sveitarfélagið sig til að sjá til þess að jafnframt yfirtaki nýr eigandi á sig ábyrgð á láninu að sínum hluta.

Jafnframt er XX, borgar/bæjarstjóra, kt. XX, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. XX að undirrita lánsamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns.

Rithandarsýnishorn umboðshafa:

Nafn umboðshafa

Viðauki II



Dags. _____

Efni: Beiðni um útborgun láns.

Með vísan til 2. greinar lánasamnings nr. 2505_XX milli Sorpu bs. og Lánasjóðs sveitarfélaga um lán að höfuðstólsfjárhæð kr. XX,- er þess óskað að útborgunarfjárhæðin kr. 1.345.000.000,- verði greidd út með eftirgreindum hætti:

Greiðsludagur:

Viðtakandi greiðslu: Sorpa bs.

Kennitala: 510588-1189

Reikningsnúmer:

Undirrituð/undirritaður staðfestir að hafa heimild til að skuldbinda lántaka með undirritun sinni.

f.h. lántaka